

Umsögn um rammaáætlun - virkjun í neðri hluta Þjórsár

Inngangur

Í þessari umsögn ætla ég ekki að endurtaka það sem aðrir hafa þegar sagt, t.d. [umsögn nr. 121 frá Ólafi föður mínum](#) eða [umsögn frá ábúendum Herríðarhóli](#). Undir þessar umsagnir vil ég taka og hvet til þess að staldrað sé við og að virkjanir í neðri hluta Þjórsár séu settar í biðflokk.

Einnig vil ég taka undir það sem bent hefur verið á að rammaáætlun yfirsjáist að ræða aðra orkukosti eins og vindorku og sjávarföll. Ég set því spurningamerki við grunn forsendur þær sem rammaáætlun byggir á og hvet til þess að hún sé endurskoðuð í heild sinni með víðara sjónarhorni og standi þannig á sterkari grunni.

Í þessari umsögn vil ég hinsvegar ræða pólitísk-, samfélags- og byggðarsjónarmið.

Pólitík sjónarmið

Pólitík snýst um það hvernig landi við viljum búa í til langs tíma litið og hvaða ákvarðanir við tökum í dag til að ná því marki. Almennt finnst mér verulega skorta á að við Íslendingar hugsum nógu langt fram í tímann og með nógu ábyrgum hætti hvað þetta varðar.

Við búum í litlu landi sem er ríkt af orku miðað við stærð. Samt sem áður myndi það varla duga einni erlendri stórborg þó allt virkjanlegt vatnsafl hérlendis væri virkjað. Þessar spurningar eru því allar afstæðar. Svör okkar og afstaða fer mjög eftir því hvaða forsendur við gefum okkur í upphafi.

Ég er sannfærður um að ríkjandi áhersla á stóriðju og vatnsaflsvirkjanir er þjóðinni ekki til heilla til langs tíma litið. Þetta er pólitísk afstaða sem erfitt eða ómögulegt er að rökstyðja vísindalegum staðreyndum.

Virkjanasinnar eru væntanlega á sinni skoðun því þeir telja fleiri virkjanir og meiri stóriðju landi og þjóð til heilla. Við sem mótmælum viljum einnig það sem best er fyrir land og þjóð - en erum ekki sammála þessari miklu áherslu á virkjanir.

Að byggja upp gott og heilbrigt þjóðfélag með traustan efnahag tekur tíma. Eins og nýleg dæmi sanna er oft betur heima setið en af stað farið þegar reyna á að græða mikla peninga á skjótum tíma - eða koma með einhverjar flýtilausnir inn í efnahag þjóðarinnar. Umræða um virkjanir og stóriðju virðist oft vera í þeim farvegi að knúði er á um framkvæmdir til að leysa aðkallandi vanda dagsins í dag. Þetta er mjög misráðið. Vatnsaflsvirkjanir eru stórar ákvarðanir sem hafa áhrif í marga mannsaldra - og flestar hafa þær óafturkræf áhrif það sem eftir er. Við verðum því að horfa að lágmarki 50 ár fram í tímann en ekki 5 ár, eða hvað þá 5 mánuði.

Það er þungt í ári á Íslandi í dag. Við megum samt ekki fórna langtíma gæðum til að leysa skammtíma vanda. Hér reynir á skapgerðar- og siðferðisstyrk þjóðarinnar og forystufólks hennar. Í dag eigum við að vinna að hag og heill þjóðarinnar til langs tíma litið. Þetta gerum við með því m.a. að:

- Hlúa að uppeldi og menntun barna.
- Hlúa að þekkingariðnaði og nýsköpun. Þetta tekur tíma og þarf þolinmæði.
- Halda áfram því góða starfi sem unnið er í ferðaþjónustu og markaðsetningu á óspilltri náttúru Íslands. Sóknarfærin hér fara aðeins vaxandi með hverju árinu sem líður.

Það merkilega er að við þurfum ekkert endilega meiri fjármuni til að vinna að þessum atriðum sem nefnd eru hér ofar. Rannsóknir sýna að börnum á Íslandi líður betur núna heldur en fyrir kreppu því foreldrar eyða nú meiri tíma með börnum sínum. Þekkingariðnaður og nýsköpun þarf fyrst og fremst stöðugleika í efnahagslífi og aðgang að hugmyndaríku, hæfileikaríku og sterku fólki. Ferðaþjónustan hefur verið í sókn á seinustu 3 árum - það er engin kreppa þar.

Við þurfum ekki fleiri vatnsaflsvirkjanir til að fá framgang í þessum atriðum. Vatnsaflsvirkjanir er ekki það sem við þurfum til að byggja upp heilbrigða og sterka þjóð til langs tíma lítið.

Samfélags- og byggðarsjónarmið í sveitum við neðri Þjórsá

Ég ólst upp að Forsæti í Flóa og gekk í Menntaskólann að Laugarvatni. Núna haustið 2011 fluttist ég aftur í Flóahrepp eftir að hafa verið búsettur í Reykjavík, Minnesota og Austurlandi við nám og störf. Hvað kemur samfélaginu í Flóahreppi best hvað varðar fyrirbyggjandi rammaáætlun?

Ferðaþjónusta á svæðinu fer vaxandi. Ljóst er að virkjanir á svæðinu munu hafa neikvæð áhrif á þá þróun. Það er sama hvað hver segir: Ferðamenn sækja í auknum mæli í óspillta náttúru. Því meira sem við spillum svæðum með því t.d. að reisa stíflu og leggja land undir vatn, uppistöðulón og drullu sem fylgir framburði jökulvatna - því meira stefnum við í hættu tækifærum okkar í ferðaþjónustu.

Þá kann einhver að spyrja hvort fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir verði ekki lyftistöng fyrir samfélagið. Ég starfa í hugbúnaði. Fljótlega eftir að ég flutti á svæðið, í ágúst síðastliðnum, barst þetta í tal. Viðmælandi minn hafði þá á orði hvort það myndi ekki koma sér vel fyrir mig að hafa betri nettenginu.

Mér finnst það rökleysa að ræða bættar nettengingar, gsm samband, vegi eða aðrar sponslur sem mótvægisáðgerðir við vatnsaflsvirkjanir. Eins og áður sagði, þá þurfum við að horfa að lágmarki 50 ár fram í tímann með vatnsaflsvirkjanir. Það er í hæsta máta ólíklegt að nettengingar dagsins í dag verði í notkun eftir 10 ár - hvað þá eftir 50! Það sama má segja um gsm samband. Vegir eru víða slæmir í Flóahreppi - en fremur vil ég hafa slæma vegi en fórna framtíðarmöguleikum með óafturkræfum náttúruspjöllum. Það er hroki og óvirðing við komandi kynslóðir að horfa ekki lengra fram í tímann og halda því fram að svokallaðar mótvægisáðgerðir séu heilbrigð leið til þess að takast á við svona stóra ákvörðun sem virkjanir í neðri hluta Þjórsár eru.

Á austurlandi bjó ég frá Júlí 2008 til Ágúst 2011. Á þessum tíma tók ég þátt í að stofna hugbúnaðarfyrirtæki sem bjó til um 3-5 ný störf á svæðinu og er með verkefni bæði erlendis og innlendis. Lykilinn að velgengi fyrirtækisins var fyrst og síðast það fólk sem myndaði teymið. Þar var kveikjan að verkefnunum og framgangi fyrirtækisins. Og ekki voru það verkefni fyrir áliðnaðinn. Seinast þegar ég vissi var innan við 1% af veltu fyrirtækisins úr þeim geira - þó að við séum staðsett á austurlandi.

Möguleikarnir eru að sama skapi til staðar á Suðurlandi - en góðir hlutir gerast hægt. Stöldrum við og setjum virkjanir í neðri hluta Þjórsár í biðflokk. Nú ríður á að rasa ekki um ráð fram.

Ágúst Valgarð Ólafsson - væntanlegur ábúandi Forsæti III
Tónmenntakennari frá Tónlistarskólanum í Reykjavík
Tölvunarfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík
Guðfræðingur (MDiv) frá The Masters Institute - Minnesota